

Fundargerð 40. fundar stjórnar SSNV 8. janúar 2019.

Þriðjudaginn 8. janúar 2019 kom stjórn SSNV til fundar á Blönduósi og hófst fundurinn kl. 09:30.

Mætt voru: Þorleifur Karl Eggertsson, Ragnhildur Haraldsdóttir, Valdimar O. Hermannsson, Stefán Vagn Stefánsson, Álfhildur Leifsdóttir og Unnur Valborg Hilmarsdóttir framkvæmdastjóri sem ritaði fundargerð. Þorleifur Karl Eggertsson setti fundinn og stjórnaði honum.

Dagskrá:

1. Erindi til stjórnar SSNV frá Sveitarfélaginu Skagafirði.
2. Sértek verkefni sóknaráætlunarsvæða – úthlutun 2019.
3. Tilnefning í fulltrúaráð Textílmíðstöðvar Íslands, þekkingarseturs á Blönduósi.
4. Styrksumsókn frá Far Fest, Akureyri.
5. Skipting fjármagns frá Byggðastofnun milli atvinnuþróunarfélaga landshlutanna.
6. Vinnufundur stýrihóps Stjórnarráðsins, Byggðastofnunar og landshlutasamtaka 22.-23. janúar.
7. Fundargerðir.
8. Umsagnarbeiðnir.
9. Skýrsla framkvæmdastjóra.
10. Önnur mál.

Afgreiðslur:

1. Erindi til stjórnar SSNV frá Sveitarfélaginu Skagafirði.

Tekið fyrir bréf frá Sigfúsi Inga Sigfússyni f.h. Sveitarfélagsins Skagafjarðar dags. 12. desember 2018 þar sem óskað er eftir styrkjum til annars vegar úttektar á Alexandersflugvelli og hins vegar til úttektar á endurbótum á hafnarmannvirkjum á Saudárkróki.

Stjórn tekur vel í erindið en felur framkvæmdastjóra að kalla eftir frekari upplýsingum, svo sem áætluðum kostnaði. Framkvæmdastjóra er einnig falið að vinna tillögur að reglum um sérstakar úthlutanir samtakanna sem og skilgreiningu á lámarks eigin fé þeirra og leggja fyrir næsta fund.

2. Sértek verkefni sóknaráætlunarsvæða – úthlutun 2019.

Skv. tilkynningu frá sveitarstjórnarráðuneytinu mun í upphafi árs verður auglýst úthlutun með vísan í lið C.1. í Byggðaáætlun. Á árinu 2018 var úr sama verkefnapotti veittur styrkur upp á kr. 20 millj. til innviðaupbyggingar vegna gagnaversframkvæmda á Blönduósi. Á árinu 2019 hlýtur sama verkefni styrk upp á kr. 25 milljónir. Framkvæmdastjóra falið að kalla eftir mögulegum viðbótar verkefnum frá aðildarsveitarfélögum til umsóknar í næsta umsóknarferli.

3. Tilnefning í fulltrúaráð Textílmíðstöðvar Íslands, þekkingarseturs á Blönduósi.

Stjórn tilnefnir Unni Valborgu Hilmarsdóttur, framkvæmdastjóra, í fulltrúaráðið fyrir hönd samtakanna og Þorleif Karl Eggertsson, formann, til vara.

4. Styrksúmsókn frá Far Fest, Akureyri.

Stjórn hafnar styrkbeiðninni. Styrkbeiðendum er óskað góðs gengis með verkefnið.

5. Skipting fjármagns frá Byggðastofnun milli atvinnuþróunarfélaga landshlutanna.

Lögð fram til kynningar skipting fjármagns milli atvinnuþróunarfélaga landshlutanna.

Skipting fjár árið 2019						
		Grunn- framlag	Þróunarsetur	Samtals	Breyting í kr.	%breyting
Vesturland	13,57%	24.021.000		24.021.000	801.000	3,45%
Vestfirðir	12,14%	21.493.000	21.200.000	42.693.000	717.000	1,71%
Norðurl.v.	13,57%	24.021.000		24.021.000	801.000	3,45%
Eyjafjörður	11,43%	20.229.000		20.229.000	675.000	3,45%
Þingeyjars.	9,29%	16.436.000		16.436.000	548.000	3,45%
Austurland	15,71%	27.814.000		27.814.000	927.000	3,45%
Suðurland	17,14%	30.343.000		30.343.000	1.012.000	3,45%
Suðurnes	7,14%	12.643.000	10.000.000	22.643.000	422.000	1,90%
Samtals	100,00%	177.000.000	31.200.000	208.200.000	5.903.000	
Sameiginlegir fundir og fræðsla				2.500.000		
Affjárlögum				210.700.000		

6. Vinnufundur stýrihóps Stjórnarráðsins, Byggðastofnunar og landshlutasamtaka 22.-23. janúar.

Skv. samningi um atvinnuþróun stendur Byggðastofnun fyrir vinnufundi sem haldinn verður í Hveragerði 22.-23. janúar fyrir atvinnuþróunarfélög og landshlutasamtök. Að þessu sinni verða hinar ýmsu stefnur ríkisins til umfjöllunar. Starfsmenn sækja fundinn auk formanns stjórnar.

7. Fundargerðir lagðar fram til kynningar:

Stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga, 30. nóvember 2018.

Stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga, 14. desember 2018.

Stjórn SASS, 7. desember 2018.

Stjórn SASS, 27. desember 2018.

Framkvæmdaráð SSA, 11. desember 2018.

Framkvæmdaráð SSA, 20. desember 2018.

Starfshópur um framtíðarskipan úrgangsmála á Norðurlandi, 22. nóvember 2018.

8. Umsagnarbeiðnir.

- a. Tillaga til til þingsályktunar um fimm ára fjarskiptaáætlun fyrir árin 2019-2023, 403. mál.
- b. Tillaga til þingsályktunar um stefnu í fjarskiptum fyrir árin 2019-2033, 404. mál.

Fjarskipti skipta landsbyggðirnar miklu máli með tilliti til búsetu- og atvinnuþróunar. Hér er því um að ræða áætlanir sem eru landsbyggðunum mikilvægar og nauðsynlegt að þær taki skýrt á þeim meginverkefnum sem framundan eru. Í meginatriðum eru ályktanirnar ásættanlegar en nokkur atriði sem talin er ástæða til að hnykkja á í umsögn:

- *Ljósleiðaravæðing í þéttbýli er næsta stóra verkefni á landsbyggðinni þegar dreifbýlisverkefninu lýkur. Engar lausnir á því verkefni eru lagðar fram í tillögunni og talað um að það verkefni sé óleyst (mál 404. liður 2.1. í greinargerð). Mikilvægt er að stjórnvöld gangi af sama krafti til þessa verkefnis og ljósleiðaravæðingar dreifbýlis til að bæta búsetuskilyrði í þéttbýli á landsbyggðinni og auka möguleika á atvinnuuppbyggingu og störfum án staðsetningar í samræmi við byggðaáætlun. Stjórn SSNV leggur til að opnað verði á umræðu um hugsanlegan undirbúning að fjarskiptafélagi sem kæmi að ljósleiðaravæðingu þéttbýlisstaða á landsbyggðinni til að hraða framkvæmdinni og tryggja að henni verði lokið fyrir árið 2025 eins og sett er fram í grein 1.3 í tillögu að stefnu í fjarskiptamálum fyrir árin 2019-2033 (mál 404).*
- *Stjórn SSNV leggur áherslu á að þess verði gætt að þær ljósleiðaratengingar sem eftir standa í verkefninu Ísland ljóstengt og eru dýrustu og óhagkvæmustu tengingarnar verði kláraðar með aðkomu ríkisins. Einnig að verkefnið verði víkkað út og nái til þéttbýliskjarna þar sem ekki eru markaðslegar forsendur til reksturs ljósleiðarakerfa.*
- *Stjórn SSNV leggur á það ríka áherslu að farsímasamband á landsbyggðinni verð bætt en það er á stórum svæðum óboðlegt. Ekki er einasta um að ræða byggðamál heldur einnig öryggismál, sérstaklega á þjóðvegum landsins.*
- *Auk þess vill stjórn SSNV ítreka fyrri umsagnir um breytingar á pósthjónustu. Í tillögunum er gert ráð fyrir fjármunum upp á 48*

milljónir á ári í Jöfnunarsjóð alþjónustu. Hæpið er að svo lág upphæð geti tryggt ásættanlega pósthjónustu við dreifðustu byggðir landsins.

Framkvæmdastjóra falið að senda inn umsögn um frumvörpin út frá ofangreindum punktum.

9. Skýrsla framkvæmdastjóra.

Flutt munnlega á fundinum.

10. Önnur mál.

a. Starfsáætlun atvinnuþróunar.

Skv. samningi við Byggðastofnun um atvinnuráðgjöf ber landshlutasamtökum að skila inn starfsáætlun fyrir 15. desember 2018. Stjórnarmenn fengu áætlunina senda í tölvupósti í desember og samþykktu hana. Samþykkt starfsáætlunar atvinnuþróunar SSNV er staðfest.

**Fleira ekki tekið fyrir. Fundargerð upplesin og samþykkt.
Fundu slitið kl. 11:29**

Þorleifur Karl Eggertsson

Ragnhildur Haraldsdóttir

Valdimar O. Hermannsson

Stefán Vagn Stefánsson

Álfhildur Leifsdóttir

Unnur Valborg Hilmarsdóttir